

REYKJAVÍK BÓKMENNTABORG UNESCO

STEFNUMÖRKUN

ÁRIN 2015-2019



United Nations
Educational, Scientific and
Cultural Organization



Reykjavik
City of Literature

Member of the UNESCO Creative
Cities Network since 2011

SAMANTEKT

Snemma árs 2014 hófst stefnumótunarvinna fyrir Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO með það fyrir augum að setja niður framtíðarsýn fyrir verkefnið og móta leiðina að henni. Að henni stóðu stjórn og verkefnastjórar Bókmenntaborgarinnar en einnig voru fjölmargir aðrir fengnir að borðinu sem vinna á sviði orðlistar í borginni. Þessari vinnu lauk vorið 2015 með nýrri stjórn sem tók við haustið 2014¹.

Eftir fimm ár stefnir Reykjavík Bókmenntaborg að því að vera hluti af ímynd Reykjavíkur og sjálfsvitund Reykvíkinga. Bókmenntaborgin verði náttúruleg miðja bókmenntalífsins í borginni þar sem gestrisni og víðsýni ríkir og skilningur gagnvart mismunandi skoðunum. Borgarbúar og gestir upplifi Bókmenntaborgina sem sína og þeir sem vilja eigi hlutdeild í henni á eigin forsendum. Bókmenntaborgin verði þekkt fyrir að láta ólíkar raddir heyrast, óháð uppruna og tungumáli. Kjarninn í starfi Bókmenntaborgarinnar er að leggja rækt við bókmenntaarf þjóðarinnar jafnframt því að stuðla að nýsköpun. Reykjavík Bókmenntaborg stefnir að því að verða sterkur hnitpunktur í breiðu samstarfi þeirra sem koma að orðlist í borginni. Á þessari leið leggur Reykjavík Bókmenntaborg sérstaka áherslu á góða samvinnu við alla þá mörgu aðila sem koma að orðlist í borginni því Bókmenntaborgin er fyrst og fremst sameign þeirra allra sem og íbúa borgarinnar, óháð aldri og uppruna. Einnig horfir hún áfram björtum augum til öflugs samstarfs við aðrar Skapandi borgir UNESCO.

Reykjavík Bókmenntaborg mun á næstu fimm árum einbeita sér að kjarnastarf, sem liggur til grundvallar öllu starfi hennar og þeim fjórum meginstoðum sem styðja við hlutverk hennar, en þær eru: lestrarhvatning, miðlun orðlistar, skólasamfélagið og loks alþjóðlegt samstarf og erlendir gestir. Meðal helstu verkefna á þessum sviðum má nefna breikkun á eignarhaldi Bókmenntaborgarinnar, m.a. til að tryggja uppgang og afkomu hennar, og stuðning við grasrótina á sviði orðlistar í borginni. Á sviði lestrarhvatningar verður Lestrahátíð í Bókmenntaborg stærsta einstaka verkefni hvers árs. Á sviði miðlunar orðlistar verður unnið að því að gera bókmenntasögu borgarinnar sýnilega fyrir íbúum og gestum og miðla bókmenntasögu hvers hverfis til íbúa. Bókmenntaborgin mun starfa náið með skólasamfélaginu og m.a. vinna að því að Sleipnir verði vinur sem flestra barna í Reykjavík, þar sem hann hvetur þau til að koma með á hugarflug inn í heim skáldskaparins. Í alþjóðlegu samstarfi mun Reykjavík Bókmenntaborg horfa sérstaklega til samstarfs sem tengist sígildum bókmenntum svo og nýsköpun innan orðlistar. Áhersla verður einnig lögð á samstarfsverkefni þar sem orðlist og tónlist spila saman og gagnvart erlendum gestum borgarinnar verður hvatt til nýjunga í menningartengdri ferðapjónustu á sviði orðlistar.

¹ Stjórn Reykjavíkur Bókmenntaborgar 2014 skipuðu: Sjón (Menningar- og ferðamálaráð, formaður), Oddný Sturludóttir (Menningar- og ferðamálaráð), Þór Steinarsson (Menningar- og ferðamálaráð), Svanhildur Konráðsdóttir (Menningar- og ferðamálasvið), Auður Árný Stefánsdóttir (Skóla- og frístundasvið), Friðbjörg Ingimarsdóttir (Hagþenkir), Oddný Eir Ævarsdóttir (Rithöfundasamband Íslands), Pálína Magnúsdóttir (Borgarbókasafn Reykjavíkur), Rúnar Helgi Vignisson (Háskóli Íslands), Sigurður Svavarsson (Félag íslenskra bókaútgefenda) og Þorgerður Agla Magnúsdóttir (Mennta- og menningarmálaráðuneyti). Ný stjórn tók við haustið 2015. Hana skipa: Óttarr Proppé (Menningar- og ferðamálaráð, formaður), Skúli Helgason (Skóla- og frístundaráð), Auður Árný Stefánsdóttir (Skóla- og frístundasvið), Svanhildur Konráðsdóttir (Menningar- og ferðamálasvið), Friðbjörg Ingimarsdóttir (Hagþenkir), Kristín Helga Gunnarsdóttir (Rithöfundasamband Íslands), Pálína Magnúsdóttir (Borgarbókasafn), Rúnar Helgi Vignisson (HÍ), Bryndís Loftsdóttir (Félag íslenskra bókaútgefenda) og Þorgerður Agla Magnúsdóttir (Mennta- og menningarmálaráðuneyti). Verkefnastjórar eru Kristín Viðarsdóttir og Lára Aðalsteinsdóttir.

Flest verkefnið verða unnin í náinni samvinnu við aðra hlutaðeigandi aðila og mun Reykjavík Bókmenntaborg beita sér fyrir því að efla samstarf við stofnanir innan og utan Reykjavíkurborgar, svo og fyrirtæki, hópa og einstaklinga.

INNGANGUR

Það var í byrjun árs 2014 sem hópur skapandi fólks kom saman í menningarhúsinu Hannesarholti til hugarflugs um framtíðarsýn fyrir Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO. Fulltrúar frá mörgum helstu aðilum innan orðlistargeirans í Reykjavík, ásamt stjórnarmönnum Bókmenntaborgarinnar, létu hugann reika um hlutverk og skyldur Reykjavíkur Bókmenntaborgar.² Þarna komu fram nokkuð skýrar línur um hverjar megináherslur í starfi Bókmenntaborgarinnar ættu að vera og var þeim síðan fylgt eftir í áframhaldandi vinnu stjórnar og verkefnastjóra. Verkefnastjórar unnu úr þeim meginþráðum sem fram komu á fundinum og þeir voru grundvöllur að vinnu stjórnar og verkefnastjóra við að móta hlutverk Bókmenntaborgarinnar næstu fimm árin. Við þá vinnu var að auki tekið mið af umfangi verkefnisins og þeim fjármunum sem það hefur úr að spila, svo og stefnu Skapandi borga UNESCO³, en jafnframt settar fram leiðir til að auka þetta umfang.

Niðurstöður voru ræddar á stjórnarfundum og er eftirfarandi stefnumörkun útkoma þeirra funda. Stefnunni er ætlað að vera verkfæri fyrir verkefnastjóra og stjórn við að halda merkjum Reykjavíkur Bókmenntaborgar á lofti og vinna áfram að því góða starfi sem þegar hefur verið unnið á sviði orðlistar í borginni. Þegar horft er til framtíðar er meginhlutverk Reykjavíkur Bókmenntaborgar að vera vettvangur fyrir orðlist í borginni þar sem ýtt er undir nýsköpun og frjótt bókmenntalíf um leið og bókmenntasögu borgarinnar er miðlað áfram til komandi kynslóða.

Bókmenntaborgin leggur sérstaka áherslu á góða samvinnu við alla þá mörgu aðila sem koma að orðlist í borginni því Reykjavík Bókmenntaborg er fyrst og fremst sameign þeirra allra sem og íbúa borgarinnar, óháð aldri og uppruna. Einnig horfir hún áfram björtum augum til öflugs samstarfs við aðrar Skapandi borgir UNESCO.

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO er menningarskrifstofa á Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar. Þar starfa tveir verkefnastjórar í fullu starfi.

FRAMTÍÐARSÝN

Eftir fimm ár verði Reykjavík Bókmenntaborg hluti af ímynd Reykjavíkur og sjálfsvitund Reykvíkinga. Hún verði náttúruleg miðja bókmenntalífsins í borginni þar sem gestrisni ríkir og skilningur gagnvart mismunandi skoðunum. Borgarbúar og gestir upplifi Bókmenntaborgina sem sína og þeir sem vilja eigi hlutdeild í henni á eigin forsendum, en víðsýni og skilningur er sameiginlegt markmið allra. Bókmenntaborgin verði þekkt fyrir að láta ólíkar raddir heyrast, óháð uppruna og tungumáli. Kjarninn

² Auk stjórnar tóku eftirtaldir þátt í vinnunni: Andri Snær Magnason (rithöfundur), Auður Hauksdóttir (Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur), Björg Þorgrímsdóttir (Meðgönguljóð), Bryndís Loftsdóttir (Félag íslenskra bókaútgefenda), Dagur Hjartarson (Tunglið forlag), Jórunn Sigurðardóttir (Rúv), Kristín R. Vilhjálmsdóttir (Borgarbókasafn, fjölmenning), Margrét Eggertsdóttir (Árnastofnun), Margrét Kristín Sigurðardóttir - Fabúla (Félag tónskálda og textahöfunda), Sigurður Ólafsson (Norræna húsið), Svavar Steinar Guðmundsson (Lesstofan), Stella Soffía Jóhannesdóttir (Bókmenntahátíð í Reykjavík), Tinna Ásgeirsdóttir (Mýrin, alþjóðleg barnabókmenntahátíð). Forfölluð voru Juan Róman Estrada (skáld af erlendum uppruna) og Fríða Bjarney Jónsdóttir (Skóla- og frístundasvið, leikskólar og fjölmenning).

³ Creative Cities Network Mission Statement:

http://www.unesco.org/new/fileadmin/MULTIMEDIA/HQ/CLT/pdf/Mission_statement_Bologna_creative_cities_meeting.pdf

Í starfi Bókmenntaborgarinnar er að leggja rækt við bókmenntaarf þjóðarinnar jafnframt því að efla nýsköpun.

Reykjavík Bókmenntaborg stefnir að því að verða sterkur hnitpunktur í breiðu samstarfi þeirra sem koma að orðlist í borginni.

REYKJAVÍK BÓKMENNTABORG UNESCO

LEIÐARLJÓS:

Að Reykjavík verði þekkt sem borg orðlistar, jafnt innanlands sem og á alþjóðlegum vettvangi. Að stoðir hennar verði styrktar í nánu samstarfi þeirra sem koma að menntun, bókmenningu og orðlist á breiðum vettvangi.

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO standi vörð um tjáningarfrelsi og endurspeгла íslensk einkunnarorð Bókmenntaborgarinnar, *Orðið er frjálst*, þá áherslu. Með þeim vill Bókmenntaborgin benda á að hvorki einstaklingar né samfélög geta þrífist á heilbrigðan hátt nema þegnunum sé frjálst að tjá sig, þrár sínar og sannfæringu.

MARKMIÐ:

Meginmarkmið Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO er að styðja við það mikla starf sem er unnið á sviði bókmenningar og orðlistar í Reykjavík. Bókmenntaborgin hvetur til samstarfs og nýrra verkefna á sviði orðlistar. Hún leggur áherslu á bókmenntaarf þjóðarinnar í starfi sínu og samspil hans við nýsköpun. Einnig vinnur Bókmenntaborgin að því að efla alþjóðatengsl á vettvangi orðlistar og annarra skapandi greina.

HLUTVERK

Reykjavík var útnefnd Bókmenntaborg UNESCO í ágúst 2011. Titillinn Bókmenntaborg UNESCO er varanlegur. Reykjavík var fimmta borgin í heiminum til að hljóta þennan heiður og sú fyrsta utan ensks málsvæðis. Fyrir voru í samtökum Bókmenntaborga UNESCO borgirnar Edinborg í Skotlandi, Iowa City í Bandaríkjunum, Melbourne í Ástralíu og Dublin á Írlandi. Í ársbyrjun 2015 eru borgirnar orðnar ellefu þar sem Norwich á Englandi, Kraká í Póllandi, Granada á Spáni, Dunedin á Nýja Sjálandi, Prag í Tékklandi og Heidelberg í Þýskalandi hafa bæst í hópinn. Bókmenntaborgirnar eru hluti af stærra neti Skapandi borga UNESCO og fer það sífellt vaxandi.

Hlutverk Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO er að efla lestur og skapandi orðlist í borginni í góðri samvinnu við aðra sem starfa á þessu sviði. Hún lætur bókmenntaarf þjóðarinnar sig miklu varða og hvetur til samspils hans við nýsköpun og nýmiðlun. Bókmenntaborgin leggur sérstaka rækt við grasrótastarf á sviði orðlistar í Reykjavík og vinnur náið með skólasamfélaginu á öllum stigum. Hún virkjar samfélagið í því að styrkja og þróa áfram þá Bókmenntaborg sem hlaut titilinn árið 2011 og ýtir undir læsi í víðum skilningi þess orðs.

Bókmenntaborgin er ekki ákveðinn staður eða stofnun heldur vettvangur sem teygir sig um alla borg og kortleggur og miðlar bókmenntasögu borgarinnar til íbúa og gesta hennar. Bókmenntaborgin tekur þátt í samtali og verkefnum innanlands og utan og styrkir þannig orðlistina í borginni og þátttöku Reykjavíkur í alþjóðlegum verkefnum. Með orðlist er átt við hvers konar skapandi beitingu tungumálsins, hvort sem er í bókmenntum, munnlegri tjáningu, ritlist, sngnum skáldskap eða fræðimennsku á sviði bókmenningar. Bókmenntaborgin Reykjavík stendur vörð um tjáningarfrelsi og leggur áherslu á að ólíkar raddir fái að hljóma.

SVÓT GREINING

SVÓT- greining var framkvæmd til að skoða hvernig verkefnið stendur og til að kortleggja vænlegar leiðir næstu árin. Veikleikar og styrkleika, ógnanir og tækifæri voru skoðuð og sýna niðurstöður þessarar greiningar að verkefnið stendur vel. Víða liggja tækifæri til að efla starfið og er öflugt samstarf helsta leiðin sem getur unnið gegn veikleikum verkefnisins. Verkefnalisti og forgangsroðun næstu fimm árin eru meðal annars byggð á þessari greiningu.

Styrkleikar:

Það er tvímælaust einn af helstu styrkleikum Reykjavíkur Bókmenntaborgar að vera í litlu samfélagi þar sem boðleiðir eru stuttar og auðvelt að koma á tengslum milli fólks. Annað sem telja má til helstu styrkleika er:

Sveigjanleiki verkefnisins og færni til að stýra ólíkum viðfangsefnum.

Færni til að starfa í fjölbreyttu umhverfi með mismunandi samstarfsaðilum.

Bókmenntaborgin hefur reynt góður vettvangur til að leiða fólk saman og staður þar sem nýjar hugmyndir verða að veruleika.

Veikleikar:

Stærstu veikleikar Bókmenntaborgarinnar eru skortur á fjármagni og takmarkaður mannaflí. Þetta tvennt hægir á fjölda verkefna sem komast í framkvæmd og umfangi verkefna. Eins hefur þetta áhrif á alþjóðlegt samstarf þar sem ekki gefast mörg tækifæri til að breikka tengslanet á erlendri grundu. Áhersla hefur verið lögð á stærra verkefni sem styðja við uppbyggingu Bókmenntaborgarinnar og því hafa minni verkefni, en ekki síður mikilvæg, setið á hakanum. Til að vinna gegn þessu verður samstarf eft til muna og er m.a. horft til markaðsdeildar Höfuðborgarstofu og Ráðhúss Reykjavíkur í þeim efnum. Eins er aukið samstarf við fleiri aðila innan og utan borgarinnar líklegt til að lyfta Bókmenntaborginni og auka hróður hennar.

Ógnanir:

Stærsta ógnunin við Reykjavík Bókmenntaborg eru breytingar á pólitískri stefnumörkun borgarinnar og niðurskurður á fjármagni. Einnig getur það haft áhrif á þróun verkefnisins ef UNESCO breytir um áherslur hvað varðar net Skapandi borga sem Bókmenntaborgin er hluti af. Óljós og þung yfirstjórn UNESCO getur hugsanlega haft áhrif á starf Bókmenntaborgarinnar með reglugerðum eða áherslum sem koma þaðan. Ekki er þó von á slíkum breytingum í fyrirsjáanlegri framtíð því netið er að styrkjast. Brugðist verður við þessum ógnunum m.a. með því að vinna að breiðara eignarhaldi á verkefninu og tryggja rödd Reykjavíkur í erlendu samstarfi, eins og nánar verður gert grein fyrir hér á eftir.


Tækifæri:

Mörg tækifæri felast í aukinni samvinnu innan borgarinnar og við aðrar stofnanir utan hennar, svo og við samtök, hópa og einstaklinga. Slík samvinna eflir alla aðila og gerir meira úr þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hjá hverjum og einum. Sem dæmi um slíka samvinnu má nefna aukna samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar, Háskóla Íslands, Félag bókaútgefanda og Miðstöð Íslenskra

Bókmennta. Jafnframt er aukin samvinna milli menningastofnana Reykjavíkurborgar mikilvæg til að styrkja og auka sýnileika Bókmenntaborgarinnar. Samvinna við Höfuðborgarstofu við kynningu á Reykjavík sem bókmenntaborg á að geta skilað árangri og einnig samvinna við fyrirtæki í ferðaþjónustu, Íslandsstofu og fleiri aðila innan ferðaþjónustu. Tækifæri liggja einnig í tengingu við aðrar listgreinar, svo sem hönnun og myndlist. Mörg spennandi tækifæri felast í alþjóðlegri samvinnu. Ört stækkandi net Skapandi borga UNESCO er til að mynda spennandi vettvangur fyrir Bókmenntaborgina. Þá er samvinna á milli Norðurlanda áhugaverð.

VERKEFNI OG LEIÐIR

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO mun á næstu fimm árum einbeita sér að kjarnastarfi og þeim fjórum meginstöðum sem styðja við hlutverk hennar: lestrarhvatningu, miðlun orðlistar, skólasamfélaginu og loks alþjóðlegu samstarfi og erlendum gestum borgarinnar.



KJARNASTARF:

Þrjú meginverkefni mynda kjarnann í öllu starfi Bókmenntaborgarinnar:

Að breikka eignarhald að Bókmenntaborginni til að treysta afkomu og efla verkefnið.

Að koma á fót Miðstöð orðlistar í borginni.

Að styðja við og hvetja grasrótina á sviði orðlistar í borginni.

Önnur verkefni sem efla kjarna Bókmenntaborgarinnar:

- Að Reykjavík verði þekkt sem heimili íslensku miðaldahandritanna. Reykjavík Bókmenntaborg komi að því, að svo miklu leyti sem hægt er, að stuðla að því að sýna megi valin handrit þar til Hús íslenskra fræða verður að veruleika. Athuga þó að þetta verkefni er háð fjármagni frá borg og ríki og ekki á valdi Bókmenntaborgarinnar að stýra því. Stjórn Reykjavíkur Bókmenntaborgar verði vakandi fyrir því að halda „handritamálinu“ á lofti.
- Að gera fæðingarstað og sögu Nóbelskáldsins Halldórs Laxness sýnilegri í Reykjavík. Þetta verði unnið í samvinnu við Gljúfrastein og hugsanlega aðila í ferðaþjónustu. Samvinna

Reykjavík og Mosfellsbæjar samrýmist að auki nýrri stefnumörkun á höfuðborgarsvæðinu sem einum áfangastað.

- Að vinna að því að efla grasróttarsjóð Bókmenntaborgarinnar til að hann nái að þjóna því hlutverki sínu að stuðla að aukinni nýsköpun innan orðistar í Reykjavík.

LESTRARHVATNING:

Helstu verkefni Bókmenntaborgarinnar á sviði lestrarhvatningar eru *Lestrarhátíð í Bókmenntaborg*, sem er flaggskip Bókmenntaborgarinnar og er haldin í október ár hvert, Sleipnir og samstarfsverkefnið *Allir lesa*. Að því síðast nefnda standa Bókmenntaborgin og Miðstöð íslenskra bókmennta. Lestrarhvatning tengist flestum öðrum stoðum í vinnu Bókmenntaborgarinnar, ekki síst þeirri sem snýr að skólasamfélaginu.

Önnur lestrarhvetjandi verkefni sem unnið verður að á næstu árum eru:

- *Lestur er lykill*, kynningarbæklingur um lestur fyrir börn dreift í ungbarnevernd. Verkefnið verður í gangi öll árin.
- Að koma á fót ritlistarverðlaunum til að ýta undir sköpun og ritlist hjá ungmennum. Verðlaunin verði veitt í tengslum við Lestrarhátíð ár hvert.
- Skoðað verður hvort koma megi á fót alþjóðlegri ljóðahátíð í Reykjavík. Bókmenntaborgin myndi hvetja til slíks en ekki vera beinn aðili að hátíðinni. Niðurstaða verði komin í þetta mál fyrir árið 2017.

MIÐLUN ORÐLISTAR Í REYKJAVÍK:

Helstu verkefni Bókmenntaborgarinnar hér eru að kortleggja sögu orðlistar í borginni og miðla henni. Meðal verkefna á þessu sviði er að koma upp fleiri menningarmerkingum í borgarlandinu og er markmiðið að árlega verði settar upp 3 - 5 nýjar merkingar.

Unnið verður að því að gera bókmenntasögu hvers borgarhverfis sýnilega í samstarfi við bókasöfn og hverfamiðstöðvar. Þessari vinnu verður ýtt úr vör haustið 2014 og verður hún unnin í samvinnu við fleiri menningarstofnanir Reykjavíkurborgar, svo og Umhverfis- og skipulagssvið. Bókamessa er haldin í nóvember ár hvert í samstarfi við Félag íslenskra bókaútgefenda. Þar er útgáfa ársins í brennidepli og er ætlunin sú að vaxandi Bókamessan verði ómissandi hápunktur jólabókaflóðsins í Bókmenntaborg.

Önnur verkefni tengd miðlun orðlistar í borginni sem unnið verður að á næstu árum eru:

- Rafrænum bókmenntagöngum verður fjölgað og m.a. unnar sérstakar göngur fyrir borgarhverfin. Unnið allt tímabilið.
- Höfundagrunnur og tímaás á vefjunum bokmenntaborgin.is/cityofliterature.is verða eflid í samvinnu við Borgarbókasafnið. Þetta verkefni er framhald á sameiningu vefjanna bokmenntir.is og bokmenntaborgin.is, sem lokið verður við árið 2015. Unnið allt tímabilið.
- Að koma upp skáldastétt eða skáldavegg sem heiðrar innlenda rithöfunda og einnig erlend skáld sem sótt hafa Reykjavík heim sem gestir Bókmenntahátíðar.

SKÓLASAMFÉLAGIÐ:

Á þessu sviði verður haldið áfram að treysta gott samstarf Bókmenntaborgarinnar við skólasamfélagið. Unnið verður að því að gera Sleipni að lestrarfélagi barna í Reykjavík í samvinnu við Skóla- og frístundasvið og auka vægi *Lestrarhátíðar* á öllum skólastigum. Sleipnir hefur fengið búning og getur brugðið sér af bæ og verður hvert tækifæri nýtt til að kynna fyrir hvað hann stendur, þ.e. lestrargleði og hugarflug. Efni sem fylgi Sleipni í heimsóknir í leik- og grunnskóla verður þróað á tímabilinu. Reykjavík Bókmenntaborg mun vinna áfram með skólum á öllum stigum og auka þannig vitund kennara og nemenda um að Reykjavík er ein af Bókmenntaborgum UNESCO, með það að markmiði að auka áhuga á orð- og ritlist. Verkefnið *Allir lesa* verður m.a. unnið í samstarfi við skólasamfélagið á öllum stigum.

Önnur verkefni tengd skólasamfélaginu á næstu árum eru:

- Að hvetja til þess að grunn- og leikskólar eigi talsamband við rithöfund/skáld til að börn kynnist því hvernig rithöfundar starfa. Þetta sé liður í því að ýta undir ritlist í skólum. Í samstarfi við verkefnið *Skáld í skólum* á vegum Rithöfundasambandsins.
- Kynna betur starf Bókmenntaborgarinnar innan háskólasamfélagsins sem lið í að efla samstarf við það og stofnanir þess.
- Koma á tengingu við framhaldskóla, sérstaklega í tengslum við *Lestrarhátíð*.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF OG ERLENDIR GESTIR:

Á þessu sviði vill Bókmenntaborgin ýta sérstaklega undir samstarf tengt sigildum bókmenntum og nýsköpun í orðlist. Hún mun einnig leggja áherslu á samstarfsverkefni þar sem orðlist og tónlist spila saman og hvetja til nýjunga inna menningartengdrar ferðaþjónustu á sviði orðlistar í góðri samvinnu við Höfuðborgarstofu og fleiri aðila í ferðaþjónustu. Bókmenntaborgin mun taka þátt í samstarfsverkefnum Bókmenntaborga UNESCO og öðrum alþjóðlegum verkefnum, hún mun halda áfram að gera þýddar tilvitnanir úr íslenskum bókmenntum sýnilegar fyrir ferðamenn á Íslandi og minjagripir undir heitinu *Words from Reykjavík* líta dagsins ljós.

Önnur verkefni tengd alþjóðlegu samstarfi og erlendum gestum sem unnið verður að á næstu árum eru:

- Að byggja upp sterk alþjóðleg tengsl þar sem byggt verður á sérstöðu Íslands í alþjóðlegri samvinnu. Farandverkefni og samstarfsverkefni verði í forgrunni.
- Stuðla að því að komið verði á fót verkefni þar sem Bókmenntaborgir skiptast á rithöfundum til skemmri dvalar. Gestaríthöfundaverkefni.
- Vinna með Bókmenntahátíð í Reykjavík að því að fá höfunda á hátíðina frá málsvæðum stærstu innflytjendahópa í Reykjavík. Hér getur Bókmenntaborgin til að mynda verið tengiliður í gegnum net Skapandi borga UNESCO.

MÆLIEININGAR ÁRANGUR – KPI'S (KEY PERFORMANCE INDICATORS)

Til að meta árangur af starfi Reykjavíkur Bókmenntaborgar verða gerðar mælingar á sýnileika verkefna og fjölda þeirra. Grunnlínan var tekin á árunum 2013 – 2014 og mun árangur verða mældur út frá henni.

Mælitækin eru:

1. Spurning í þjónustukönnun sveitarfélaganna (Capacent) um vitund borgarbúa um að Reykjavík sé ein af Bókmenntaborgum UNESCO.

2. Árleg könnun eftir *Lestrarhátíð í Bókmenntaborg* um vitund íbúa um hátíðina.
3. Talning á fjölda viðburða að frumkvæði annarra á Lestrarhátíð.
4. Talning á fjölda samstarfsverkefna heima og erlendis.
5. Spurning í þjónustukönnun á vegum Rannsókna og ráðgjafar ferðapjónustunnar til brottfararfarþega í Leifsstöð um vitund um RBU.

Stefna þessi tekur gildi 1. maí 2015 og gildir til 1. maí 2019